

Alþingi
Erindi nr. P 122/630
komudagur 8.1. '98

Nefndarsvið Alþingis
Pórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Hæstvirt menntamálanefnd Alþingis
Sigríður A. Þórðardóttir formaður

Mér hefur borist til umsagnar tiliaga til þingsályktunar um aðgerðir til að mæta mismunandi þörfum drengja og stúlkna í grunnskólum.

Ég þakka það traust sem Reyni-ráðgjafastofu er sýnt með erindi þessu og fagna jafnframt þeim áhuga sem fram kemur í tiliögunni á að stuðla að jafnrétti innan grunnskólans.

Það er e.t.v. ekki miklu við þessa þingsályktunartillögu að bæta. Frumkvæði að henni er líklega sú slæma staða sem drengir hafa verið í í grunnskólum, en ég geri ráð fyrir að hlutverk nefndarinnar verði samt jafnframt að huga að stöðu stúlkna í grunnskólum.

Ég vil þó nefna nokkur atriði sem ég velti fyrir mér við lestur greinargerðarinnar. Nefnt er að drengi skorti fyrirmyndir í grunnskólanum. Nú er ástandið þannig í Kennaraháskóla Íslands að 84% nemenda eru kvenkyns. Breytingar á undanförunum áratugum hafa verið í þá veru að konum hefur fjölgað í stéttinni. Þetta virðist aðeins vera að breytast á síðustu árum, því árið 1993 voru 88 % nemenda í KHÍ konur. Í þessu sambandi er vert að benda á að þarna erum við að fá kennara grunnskólans næstu 30-40 ára ef ekki er gripið til sérstakra aðgerða.

Það heyrir til undantekninga ef karlmaður vinnur á leikskóla eða á dagheimili og í þroskajálfanámi eru að mestu konur. Hlutfali kvenna hefur aukist í sálfræðinámi, þó ég hafi ekki tölur tiitækar um það, en í hópi skólasálfræðinga eru 60% þeirra konur. Félagsráðgjafar eru í miklum meirihluta konur.

Í stuttu máli - umönnunarstéttirnar eru að miklum meirihluta konur.

Það sem ég vil benda á í þessu samhengi er að það er ekki aðeins að drengi skorti karlmenn sem fyrirmyndir, heldur eru það einnig í miklum mæli (og e.t.v. auknum) konur sem skilgreina vanda drengja og hjálpa til við lausn á vanda drengja. Ég er ekki með þessu að segja að konur séu vanhæfar í slíkt, en ég tel að vægi karla ætti að aukast í þessum störfum og að jafnréttisáætlanir stjórnvalda ættu m.a. að stuðla meira en gert hefur verið að slíku. Benda má á í því sambandi að í jafnréttisáætlun 1993-1997 voru engin sérstök ákvæði í þessa veru utan ákvæða um að starfsmannastefna skóla skuli mörkuð með hliðsjón af því að störf innan þeirra séu ekki kynbundin svo að fyrirmyndir séu ekki of einhæfar. Ég hef ekki séð nýútkomna jafnréttisáætlun svo mér er ekki kunnugt um hvort þetta hafi breyst.

Auka þarf samhlíða aðgerðum í grunnskólum fræðslu í Kennaraháskólanum um málefni kynjanna og það virðist þurfa að grípa til sérstakra aðgerða til að auka vægi karla í nemendahópi þar. Karlar þurfa aðstoð þarna á svipaðan hátt og konur hafa

þurft aðstoð við að hasla sér völl í hefðbundnum karlastörfum.

Á mínum uppvaxtarárum höfðu drengir ekki karlmenn sem fyrirmyndir innan veggja heimilisins, nema í litlum mæli. Feður unnu utan veggja heimilisins m.a. við kennslu þar sem þeir voru vissulega fyrirmyndir. Innan heimilisins var það móðirin sem sá um uppeldi þeirra. Nú hefur ástandið breyst nokkuð, þótt betur megi ef duga skal. Feður taka í auknum mæli þátt í uppeldisstörfunum innan heimilis og hefur það gerst samfara aukinni atvinnuþátttöku kvenna utan heimilis.

Það undarlega og jafnframt óeðlilega sem hefur gerst samhliða þessari breytingu er að það ástand sem ríkti áður innan heimilis, hefur nú verið flutt út í uppeldisstofnanir samfélagsins. Segja má að ástandið hafi snúist við að vissu marki. Þessa breytingu tel ég góða hvað varðar heimilið, en slæma hvað varðar uppeldisstofnanir.

Annað sem ég var að velta fyrir mér er nefndin sem skipa á. Hvernig á að velja svona nefnd? Ég legg til að Kennaraháskóla Íslands verði falið frumkvæði og aðstaða til að sinna þessu verkefni.

Með kveðju,

F.h. Reynis ráðgjafastofu

Áspór Ragnarsson